

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/1853*  
*komudagur 30.3.2011*


Reykjavík, 29. mars 2011

Menntamálanefnd Alþingis  
Nefndasviði Alþingis

Athugasemdir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, 533. mál.

1. Í athugasemdum við 7. grein frumvarpsins er fjallað um að undantekningar megi gera frá meginreglunni um að íslenska sé opinbert mál stjórnvalda. Vitnað er til lagaákvæða, annars vegar um að efni flugmálahandbókar megi vera á ensku og hins vegar um að birta megi í Stjórnartíðindum eingöngu erlendan texta milliríkjasamninga. Mikilvægt er að áréttta að slík ákvæði sem þessi, sem grafa undan meginreglunni og eru sett inn í andstöðu við sjónarmið málnefndarinnar, megi undir engum kringumstæðum skapa fordæmi.
2. Í athugasemdum fjárlagaskrifstofu við frumvarpið er án nokkurs rökstuðnings gert ráð fyrir því að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum geti bætt á sig nýrri málnefnd (þ.e. táknmálsins) og fleiri nefndarmönnum í Íslenskri málnefnd, án þess að því fylgi aukið fé til stofnunarinnar. Engu síður reiknast fjárlagaskrifstofu til að um 1,5 milljóna króna aukakostnað sé að ræða. Þessari staðhæfingu er hér með mótmælt, því að stofnuninni er sniðinn mjög þröngur stakkur þessi misserin. Stofnunin er nú skrifstofa Íslenskrar málnefndar og örnefnanefndar og verður að gera ráð fyrir fjárveitingum til slíkra stjórnarsýslunefnda sérstaklega, jafnvel þó að skrifstofu þeirra sé komið fyrir innan tiltekinna stofnana ríkisins.

Virðingarfyllst



Prófessor Guðrún Nordal, forstöðumaður  
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
Árnagarði, v. Suðurgötu  
101 Reykjavík

netfang: [gnordal@hi.is](mailto:gnordal@hi.is); sími: 525 4010.